

Skötukvæði 2011

Hamingja er nú í huganum efst
er hungraður sest ég hér niður við borðið,
- með skötunni jólahátíðin hefst.
Við höfum svo gaman að biðja um orðið
og láta mjög spaklega ljós okkar skína,
í landsmál og pólitík vitlega rýna.

Hér kryfjum við fyrst þetta ágæta ár,
í aldanna skaut það er bráðum að líða,
sitt á hvað rekjum við sigra og fár
sem eru að gerast í heiminum víða,
spáum svo fyrir um framvindu mála
og fögnum þeim spádómum með því að skála.

Skatan að venju af krafti er kæst
það kitlar í nefið af lyktinni römmu,
óskirnar hafa nú aldeilis ræst,
ekki var betra í den tíð hjá mömmu,
mörinn er heitur og hamsarnir fljóta,
himneskt er þessarar fæðu að njóta.

Þó matur sé góður og mjöðurinn knár
er meira um verð okkar ágætu kynni
sem ég vona að haldist um ókomin ár
og örlæti foringjans helst ekki linni.
Við höldum hér vonandi hátíð að ári
og heilir þá skálum í brennivínstári.